



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. apríl 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands tillögu til þingsályktunar um skráningu foreldratengsla, þskj. 114, 114. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hafa borist framangreind drög að þingsályktun til umsagnar. Styður skrifstofan tillöguna og tekur undir eftirfarandi texta úr greinargerð með tillögunni:

„Það er mat flutningsmanna tillögunnar að vilji löggjafans endurspeglis í samþykkt þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla sem samþykkt var á Alþingi á 146. löggjafarþingi. Með því ályktaði Alþingi að fela ráðherra að setja reglugerð þar sem tryggt yrði að jafnræði ríkti með foreldrum barna með tilliti til foreldraskráningar, en reglugerðin hefur ekki enn verið sett. [.....]

Flutningsmenn telja afar brýnt að reglugerðin verði sett hið fyrsta og ákvæði hennar útfærð á þann veg að sú mismunun í framkvæmd á skráningu foreldratengsla sem nú viðgengst verði afnumin.“

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri